

Svör við fyrirspurnum allsherjarnefndar Alþingis vegna fjárlagafrumvarps 2008

Á fundi nefndarinnar með ráðuneytinu þann 31. október tók ráðuneytið að sér að taka saman upplýsingar um nokkur atriði sem ekki lágu ljós fyrir á fundinum sjálfum.

Þróun fjárveitinga til ríkislögreglustjóra.

<i>i m.kr.</i>	2003	2004	2005	2006	2007
Heildargjöld - sértekjur	645,4	790,7	984,1	1.116,2	1.033,6
Heimild ársins	700,4	791,1	926,3	1.119,8	918,5
Afkoma hvers árs	55,0	0,4	-57,8	3,6	-115,1¹

Aukning umfangs milli ára skýrist oftast en ekki af millifærslum af öðrum liðum. T.d. var sérsveitin áður undir einstökum lögregluembættum en 88 m.kr. millifærsla í fjárlögum er frá Lögreglunni í Reykjavík árið 2005 og síðan 51 m.kr. árið 2007 frá Lögreglustjóranum á Suðurnesjum.

Sérsveitarmenn eru nú 46 talsins, en ætlunin er að fjölga þeim í 52 á seinni hluta næsta árs þegar núverandi nýliðanámskeiði lýkur. Þar áður fjölgaði þeim árið 2005.

Þjóðskrá, nafnskrirteini

Um er að ræða tilraunaverkefni þar sem hafinn er undirbúningur að útgáfu nafnskrirteina með því Markmið að allir hafi möguleika á því að fá nafnskrirteini með rafrænu skilríki sem jafnframt er ferðaskilríki innan Schengen. Að sérhver árgangur fái slík skilríki við ákveðið aldersmark.

Verkefnið felur í sér verkefnastjórn, hönnun á korti, val á örgjörvum, samninga við birgja, vottunarstefnu vegna rafræna skilríkja, samræmingu við núverandi kerfi Þjóðskrár til skilríkjaframleiðslu og gangsetningu.

Verkefnið hefur tengsl við alla rafræna stjórnsýslu þar sem rafræn skilríki á kortinu gera handhafa kleift að auðkenna sig á öruggan máta inn á rafrænar þjónustur.

Verkefnið hefur einnig tengingu við umsókn vegna ríkisnetfangs þar sem rafræn skilríki á kortinu nýtast til dulkóðunar og undirritunar á pósti frá ríkisnetfangi handhafa.

Þjóðskrá, ríkisnetfang

Í verkefninu, sem er tilraunaverkefni, felst að almenningur geti skráð sín netföng á móti úthlutuðu ríkisnetfangi. Til verði miðlæg skrá yfir netföng þannig að unnt sé að finna þau fyrir einstakling, svipað og símanúmer, einskona netfangasímaskrá. Tölvupóstur er mjög hagkvæm leið til samskipta, en skortur á skráum yfir tölvunetföng útilokar almenna notkun þeirra fyrir t.d.

¹ Staðan eftir 10 mánuði ársins, en gert ráð fyrir jafnvægi fyrir árið í heild, m.a. vegna þess að heimildir vegna fjárlagafrumvarps 2007 vantar inn.

upplýsingar frá opinberum aðilum. Netföngin verða þó ekki virk, nema notendur sjálfir vilji. Þjóðskrárkerfi styðji við þessa þjónustu.

Ef vel tekst til sé sýnt fram á að allur almenningur geti haft eitt varanlegt ríkisnetfang og einstaklingar ásamt opinberum aðilum og fyrirtækjum hafi aðgengileg og sýnileg netföng til að nota á hagkvæman og löglegan máta.

Breytingar á lögum um meðferð einkamála nr. 91/1991, sbr. lög nr. 7/2005.

Fellt var niður það ákvæði laga um meðferð einkamála að veitt yrði gjafsókn ef úrlausn máls hefði verulega almenna þýðingu eða varðaði verulega miklu fyrir atvinnu, félagslega stöðu eða aðra einkahagi umsækjanda, sbr. þágildandi b-lið 1. mgr. 126. gr. laganna. Í kostnaðarumsögn fjármálaráðuneytisins var ekki slegið föstu um hve mikinn sparnað væri að ræða vegna þessarar breytingar, en eftirfarandi kemur fram í áliti minni hluta alþingis: „Fulltrúi dómsmálaráðuneytisins áætlaði fyrir allsherjarnefnd að sparnaður með frumvarpinu gæti numið 10–15 millj. kr. árlega.”

<i>í m.kr.</i>	2004	Hækkun	2005	Hækkun	2006	2007
Gjafsókn skv. einkamálal.	114,7	12%	129,0	9%	140,3	118,6
Opinber réttaraðstoð í heild	164,0	14%	187,1	10%	206,0	170,8
Gjöld fjárlagaliðarins í heild	171,1	14%	194,4	12%	217,4	-173,7²

Lagabreytingin kom til í febrúar 2005. Gjöldin lækka hins vegar ekki milli ára. Hugsanlega er hækkunin lægri en ella hefði orðið. Hækkunin milli 2005 og 2006 er 9%, en 12% á fjárlagaliðnum í heild.

² Staðan eftir 10 mánuði ársins.